



Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfirði

Dagsetning 22. janúar 2025
Málsnúmer MAR25010119

Efni: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðíárinu 2024/2025

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 817/2024, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðíárið 2024/2025 og almanaksárið 2025, hefur atvinnumálaráðherra allt að 3.807 þorskígildistönn af botnfiski til ráðstöfunar til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 818/2024, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðíárinu 2024/2025.

Viðkomandi sveitarstjórn er hér með tilkynnt á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 818/2024 hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags innan sveitarfélagsins sem rétt getur átt á úthluðum byggðakvóta.

Í töflunni hér að neðan má sjá úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga innan sveitarfélagsins á fiskveiðíárinu 2024/2025 og eftirstöðvar af úthlutun fyrra árs sem kemur til ráðstöfunar á yfirstandandi fiskveiðíári:

Sveitarfélag	Byggðarlagn	Úthlutun 2024/2025 (t)	Eftirstöðvar af úthlutun 2023/2024 (t)	Samtals til ráðstöfunar 2024/2025 (t)
Fjarðabyggð	Breiðdalsvík	34	0,000	34,000
	Mjóifjörður	15	12,893	27,893
	Stöðvarfjörður	32	18,726	50,726

Þess er óskað að sveitarstjórnir sem ekki hafa fyrirhugað að senda ráðuneytinu tillögur að sérreglum sendi ráðuneytinu staðfestingu um slíkt þannig að ráðuneytið geti beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta til umsóknar í byggðarlagi/byggðarlögum innan viðkomandi sveitarfélags án tafar.

Í þeim tilvikum þar sem þess er óskað að leggja fram tillögur að sérreglum er sveitarstjórn gefinn kostur á að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur til 21. febrúar n.k. Tillögur sveitarstjórnna um sérstök skilyrði sem berast verða síðan til kynningar á vef ráðuneytisins í 7 daga áður en þær verða teknar til efnislegrar meðferðar.

Bent skal á að til hagræðingar fyrir sveitarstjórnir þá hefur ráðuneytið tekið saman leiðbeiningar og form til útfyllingar sem maelst er með að notað verði vegna tillögu um sérreglur og vegna rökstuðning fylgir sem viðhengi.

F.h. ráðherra

Áslaug Eir Hólmeirsóttir
Áslaug Eir Hólmeirsóttir

Jón Prándur Stefánsson